

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og Váttryggingaæftirlitinu þegar í stað. Váttryggingatíma telst ekki lokið fyrr en liðnir eru 4 dagar frá því að váttryggingafélagið tilkynnti Váttryggingaæftirlitinu og váttryggingataka sannanlega um lok váttryggingar. Að liðnum nefndum 4 daga fresti telst leyfi til váttryggingamiðlunar fallið úr gildi, nema önnur fullnægjandi starfsábyrgðartrygging hafi verið keypt. Váttryggingaæftirlitið skal gefa váttryggingataka tækifæri til að tjá sig um lok váttryggingarinnar áður en til brottfalls starfsleyfis kemur.

Ákvæði 1. málsg. eiga einnig við um bankaábyrgð sem heimilað er samkvæmt 7. málsg. 20. gr. að komi í stað sjálfsáhættu váttryggingataka starfsábyrgðartryggingar hjá váttryggingafélagi.

Váttryggingaskilmálar starfsábyrgðartryggingar og breytingar á þeim skulu sendir Váttryggingaæftirlitinu áður en þeir koma til framkvæmda.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. málsg. 81. gr. og 98. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 5.000 skal lagt á hvert sorphílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 431/1984.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfissráðuneytið, 15. desember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.